

Erindisbréf starfshóps um endurskoðun málstefnu Háskóla Íslands

3. nóvember 2015

Inngangur

Við Háskóla Íslands er í gildi málstefna sem samþykkt var af háskólaþingi og háskólaráði árið 2004. Leiðarljós málstefnunnar er að „talmál og ritmál Háskólans er íslenska, jafnt í kennslu, rannsóknum sem stjórnsýslu.“ Jafnframt gerir málstefnan ráð fyrir að víkja megi frá þessari meginreglu „ef sérstök ástæða er til, svo sem við kennslu í erlendum málum, ef kennari er erlendur eða kennsla er einnig ætluð útlendingum“. Þegar málstefnan var samþykkt átti þetta einkum við um sérstök námskeið fyrir erlenda skiptinema og framhaldsnám sem þá var í uppbyggingu.

Á þeim rúma áratug sem liðinn er frá gildistöku málstefnunnar hefur Háskóli Íslands breyst mikið og í vaxandi mæli orðið alþjóðlegur rannsóknaháskóli. Fátt bendir til annars en að sú þróun muni halda áfram um ókomna framtíð. Svo dæmi séu tekin stunda sífellt fleiri erlendir nemendur nám við háskólann í skemmri eða lengri tíma, erlendum doktorsnemum við skólann hefur fjölgað mikið, mun fleiri námskeið á grunn- og framhaldsstigi eru kennd á ensku, fjöldi birtinga á alþjóðlegum vettvangi hefur margfaldast, alþjóðlegt (rannsókna)samstarf hefur stóraukist og erlendu starfsfólki við skólann fjölgar jafnt og þétt. Samhliða þessari þróun gegnir Háskóli Íslands áfram hlutverki þjóðskóla Íslendinga. Hann er enn sem fyrr mikilvægasta mennta-, rannsókna- og almenningsfræðslustofnun landsins og leikur stórt hlutverk á sviði rannsókna og kennslu í íslensku, þ.á m. í íorðastarfi.

Í ljósi alls þessa er tímabært að huga að endurskoðun málstefnu Háskóla Íslands til að tryggja að hún endurspegli breyttan veruleika og geti áfram stutt við hlutverk, stefnu og markmið skólans. Í þessu skyni skipar rektor starfshóp sem hefur það hlutverk að gera tillögu um endurskoðaða málstefnu skólans og tilheyrandi aðgerðaráætlun. Starfshópurinn er skipaður Eiríki Rögnvaldssyni, prófessor í íslenskri málfræði við Íslensku- og menningardeild, sem er formaður, Haflíða Pétri Gíslasyni, prófessor (Verkfræði- og náttúruvísindasviði), Jóhönnu Gunnlaugsdóttur, prófessor (Félagsvísindasviði), Jórinni Erlu Eyfjörð, prófessor (Heilbrigðisvísindasviði), Kristjáni Jóhanni Jónssyni, dósent (Menntavísindasviði) og Ragnheiði Kristjánsdóttur, dósent (Hugvísindasviði), Með hópnum starfar Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri HÍ.

Verkefni

Verkefni starfshópsins eru þessi:

- Að greina og meta stöðu íslenskrar tungu innan Háskóla Íslands, m.a. með hliðsjón af því hvernig megi styrkja stöðu tungunnar og tryggja að hún verði áfram notuð á öllum sviðum.
- Að greina og meta hvaða kröfur um tungumálakunnáttu skuli gera til íslenskra og erlendra starfsmanna og stúdenta og hvaða stuðningur þurfi að standa þeim til boða til að þeir fái notið sín faglega og persónulega.
- Að greina og meta þekkingu innan Háskóla Íslands í máltækni og hvað háskólinn getur lagt af mörkum til að stuðla að því að íslensk tunga verði áfram virk í heimi sem einkennist sífellt meir af notkun stafrænnar upplýsingatækni.
- Að leggja fram tillögu að nýrri málstefnu Háskóla Íslands sem byggist annars vegar á virkum stuðningi við notkun íslenskrar tungu innan og utan skólans, og hins vegar á því að ekki séu lagðar óeðlilegar hömlur á þátttöku skólans í alþjóðlegu akademísku starfi, þ. á m. kennara- og stúdentaskiptum.

Starfshópurinn taki m.a. mið af ábendingum um málstefnu í sjálfsmatsskýrslu Háskóla Íslands (University of Iceland. Reflective Analysis. November 2014. Sjá einkum kafla 3.9) og í ytri matsskýrslu um Háskóla Íslands (Institution-Wide Review. University of Iceland. April 2015. Sjá einkum bls. 61). Starfshópurinn taki einnig mið af lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls.

Skil

Starfshópurinn skili tillögum sínum í formi stuttrar og hnitmiðaðrar skýrslu fyrir fund háskólaráðs í janúar nk.

Þóknun

Starfshópurinn fær greitt fyrir vinnu sína skv. nefndartaxta Háskóla Íslands og er miðað við 2 klst. fyrir hvern fund.